



Samráðsgátt
Dómsmálaráðuneytið
Mál nr. 65/2023

Reykjavík, 3. apríl 2023

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að reglugerð um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust sem birtust í samráðsgátt þann 14. mars síðastliðinn. Reglugerðinni er ætlað að kveða á um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust og setja skýrari ramma um þá umfangsmiklu vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer hjá fjárhagsupplýsingastofum. Þykir betur fara á því að löggjafinn mæli fyrir um tiltekin atriði í stað stjórnvalds með almennum ákvæðum í reglugerð.

SFF gera eftirfarandi athugasemdir við drögin:

4. gr. Samningur við áskrifanda

- Í 4. gr. eru talin upp þau atriði sem fjárhagsupplýsingastofa skal tryggja að séu m.a. til staðar í skriflegum samningi við áskrifendur.
- Í e-lið 1. mgr. 4. gr. kemur fram að í samningi sé tekið fram að áskrifandi ábyrgist að honum sé ekki kunnugt um að skuldari hafi nokkrar réttmætar mótbárur gegn greiðslu skuldar áður en upplýsingar um vanskil eru sendar fjárhagsupplýsingastofu til skráningar. Gerð er athugasemd við hugtakanotkun og orðalagið „réttmætar mótbárur“ auk þess sem ekki er skýrt hver beri sönnunarbyrði fyrir að mótbárur séu réttmætar. Hugtakanotkun er önnur sbr. orðalag í 5. mgr. 5. gr. um að fjárhagsupplýsingastofu sé óheimilt að skrá og miðla upplýsingum um kröfu ef „réttmætur vafi leikur á um lögmæti hennar“, sem og orðalag í 6. mgr. 5. gr. þar sem segir að fjárhagsupplýsinga-stofu sé óheimilt að skrá og miðla upplýsingum um kröfur ef skuldari hefur „sannlega andmælt henni“ nema andmæli skuldara séu augljóslega tilefnislaus.
- Í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur fram að verði fjárhagsupplýsingastofu kunnugt um að áskrifandi hafi brotið gegn skilmálum áskriftarsamning beri að tilkynna það til Persónuverndar án tafar. Betur færi á að löggjafinn kveði á um tilkynningarskyldu slíkra brota í reglugerð þar sem tekið væri tillit til ásetnings áskrifanda. Í starfsleyfi Persónuverndar, sbr. 2. mgr. 6. gr., kemur fram að

fjárhagsupplýsingastofa skuli rifta samningi við áskrifanda sé skrá notuð í óheimilum tilgangi tvisvar á 12 mánuðum. Slíkar óheimilar uppflettingar geta átt sér stað vegna mannglegra mistaka t.d. ef röng kennitala er skoðuð í skráum fjárhagsupplýsingastofu, en fjöldi starfsfólks og uppflettinga í starfsemi fjármálafyrirtækja hleypur á þúsundum. Það eykur skilvirkni eftirlits fjárhagsupplýsingastofu ef tilkynningarskylda um brot sé til staðar þegar áskrifandi sýnir af sér ásetning eða stórkostlegt gáleysi ef ólögmetar uppflettingar í skráum fjárhagsupplýsingastofu eiga sér stað. Að öðrum kosti geta íþyngjandi ákvæði, um riftun áskriftarsamnings skv. starfsleyfisskilmálum Persónuverndar, leitt til afar íþyngjandi afleiðinga í tilefni óhappatílvika, gagnvart áskrifendum sem reiða sig að miklu leyti á skrár fjárhagsupplýsingastofu í starfsemi sinni. SFF leggur til að ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Fjárhagsupplýsingastofa skal hafa eftirlit með því að áskrifandi fari að samningi samkvæmt 1. mgr. Verði fjárhagsupplýsingastofu kunnugt um að áskrifandi hafi brotið gegn skilmálum áskriftarsamnings af ásetningi ber henni að tilkynna það til Persónuverndar án tafar.“

5. gr. Almenn um heimila vinnslu upplýsinga

- Í 5. mgr. 5. gr. kemur fram að fjárhagsupplýsingastofu er óheimilt að skrá og miðla upplýsingum um kröfu ef réttmætur vafi leikur á um lögmæti hennar. Af orðalagi ákvæðisins er óljóst hver ber sönnunarbyrði fyrir því að réttmætur vafi leiki á um lögmæti kröfu og hvað felist í því sbr. athugasemd við ákvæði e-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar hér að ofan SFF leggja til að ákvæðið vísi til þess að fjárhagsupplýsingastofa meti hvort réttmætur vafi leiki á um lögmætið og orðist svo:

„Fjárhagsupplýsingastofu er óheimilt að skrá og miðla upplýsingum um kröfu ef réttmætur vafi leikur á um lögmæti kröfunnar að hennar mati.“

- Í 6. mgr. 5. gr. kemur fram að óheimilt sé að skrá og miðla upplýsingum um kröfu ef skuldari hefur sannanlega andmælt henni gagnvart kröfuhafa [...] sbr. athugasemd við ákvæði e-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar hér að ofan. Þetta eigi ekki við ef andmæli skuldara eru augljóslega tilefnislaus. Orðalag ákvæðisins er óljóst um það hver beri sönnunarbyrði fyrir því að andmæli skuldara séu augljóslega tilefnislaus auk þess sem það færi betur á að kveða á um að færa þyrfti fram rök fyrir andmælum.

6. gr. Miðlun persónuupplýsinga

- Í 3. mgr. 6. gr. kemur fram að fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að veita

áskrifanda þjónustu sem felst í vöktun kennitölu einstaklings ef vöktunin er nauðsynleg fyrir áskrifandann til að innheimta kröfu eða kröfur á hendur einstaklingi eða lögaðila eða vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu áskrifanda til viðkomandi. Útfæra mætti orðalag ákvæðisins á þann hátt að heimild til vöktunar teljist jafnframt nauðsynleg vegna áhættustýringar í þágu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og/eða annars konar fjárhagslegrar skuldbindingar skuldara gagnvart áskrifanda fyrir og meðan á fyrirgreiðslunni stendur. SFF leggja til að ákvæðið orðist svo:

„Fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að veita áskrifanda þjónustu sem felst í vöktun kennitölu einstaklings ef vöktunin er nauðsynleg fyrir áskrifandann til að innheimta kröfu eða kröfur á hendur einstaklingi eða lögaðila, vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu áskrifanda til viðkomandi eða vegna annars konar fjárhagslegra skuldbindinga skuldara gagnvart áskrifanda á meðan á þeim skuldbindingum stendur.“

8. gr. Heimil vinnsla persónuupplýsinga í vanskilaskrá

- Í b-lið 1. mgr. 8. gr. kemur fram að heimilt sé að skrá upplýsingar um vanskil einstaklinga í vanskilaskrá ef upplýsingarnar stafa frá áskrifanda og varða eina eða fleiri kröfur hans á hendur hinum skráða og höfuðstóll þeirra nemi samtals að lágmarki 50.000 krónum og annað hvort sé löginheimta hafin eða fyrir liggja skrifleg viðurkenning hins skráða á gjaldfalli skuld. Athugasemd er gerð við orðalagið „[...]“ og annað hvort er löginheimta hafin eða fyrir liggur skrifleg viðurkenning hins skráða á gjaldfallinni skuld“. Annars vegar er gerð athugasemd við að löginheimta þurfi að vera hafin frekar en að hafin sé innheimta á grundvelli innheimtulaga. Hins vegar er ástæða er til að skýra orðalagið um að fyrir liggja skrifleg viðurkenning hins skráða á gjaldfallinni skuld á þann hátt að skuldari hafi viðurkennt með skriflegri yfirlýsingu á t.a.m. skuldaskjali að heimild til skráningar á vanskilaskrá sé til staðar ef skuld gjaldfellur í heild eða hluta. Slíkt orðalag er í samræmi við gildandi orðalag í skilmálum í starfsleyfi Persónuverndar, sbr. grein 2.2.2.: 7. tölul. þar sem segir „Skuldari hafi með sérstakri yfirlýsingu í láns- eða skuldaskjali, sem skuldin er sprottin af, fallist á að áskrifandi óski skráningar fjárhagsupplýsingastofu á vanskilunum, enda séu skilyrði til þess uppfyllt. Slík heimild skal vera áberandi og skýr í skjalinu og við það miðað að vanskil hafi varað í a.m.k. 40 daga. Áskrifandi sem óskar skráningar á grundvelli slíkrar heimildar skal um leið ábyrgjast að honum sé ekki kunnugt um að skuldari hafi nokkrar réttmætar mótbárur gegn greiðslu skuldarinnar. Beiðni um skráningu skal undirrituð af lögmanni í þjónustu áskrifanda eða fulltrúa hans“. SFF leggja til að ákvæðið orðist svo:

„b. Upplýsingarnar stafa frá áskrifanda og varða eina eða fleiri kröfur hans á hendur hinum skráða og höfuðstóll þeirra nemur samtals að lágmarki 50.000 krónum og annað hvort er löginheimta hafin eða skuldari hafi með sérstakri skriflegri yfirlýsingu í láns- eða skuldaskjali, sem skuldin er sprottin af, fallist á að áskrifandi óski skráningar fjárhagsupplýsingastofu á vanskilunum, enda séu skilyrði til þess uppfyllt“.

- Þá er jafnframt bent á að betur færi á að tilgreina þann tíma sem vanskil hafa varað, áður en heimilt er að skrá á vanskilaskrá, í reglugerð frekar en starfsleyfi Persónuverndar, sbr. tilvitnað ákvæði í grein 2.2.2 hér að ofan sem gerir ráð fyrir að vanskil hafi varað í 40 daga áður en heimilt er að skrá á vanskilaskrá. SFF leggja til að framangreint ákvæði b-liðar 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar sé fært til samræmis við ákvæði í starfsleyfi Persónuvernd og orðist svo með þessum viðbótum:

„Upplýsingarnar stafa frá áskrifanda og varða eina eða fleiri kröfur hans á hendur hinum skráða og höfuðstóll þeirra nemur samtals að lágmarki 50.000 krónum og annað hvort hafi vanskil varað í a.m.k. 40 daga og skilyrði til skráningar séu að öðru leyti uppfyllt.“

- Sama gildir um þá tímalengd sem skráning á vanskilaskrá getur varað, sbr. ákvæði í grein 5.3 í starfsleyfi Persónuverndar, sem kveður á um hámarkstímalengd skráningar. SFF telja að betur færi á því að setja inn skýrt ákvæði um tímalengd, afskráningu og eyðingu upplýsinga á vanskilaskrá í reglugerðinni.
- Í 2. mgr. 8. gr. er tekið fram að óheimilt sé að miðla upplýsingum um samning um greiðsluaðlögun hafi ekki komið til vanefnda hans. Bent er á að í 1. mgr. 28. gr. laga um greiðsluaðlögun nr. 101/2010 er gert ráð fyrir að umboðsmaður skuldara skuli, strax eftir að samningur um greiðsluaðlögun hefur verið samþykktur, óska eftir því að athugasemd um samþykkt á samning sé skráð í þinglýsingabækur. Þegar greiðsluaðlögunartímabili er lokið skuli afmá slíka skráningu. Á meðan greiðsluaðlögunartímabil stendur yfir, sem getur verið eitt til þrjú ár skv. lögunum, er ekki gert ráð fyrir að skuldari stofni til frekari skuldbindinga. Mikilvægt hlýtur að vera fyrir áskrifendur að hafa upplýsingar um hvort að aðili sé með greiðsluaðlögunarsamning enda segir slíkur samningur til um að viðkomandi er í alvarlegum greiðsluvanda. Standi skuldari við samninginn og að greiðsluaðlögunartímabili loknu er eðlilegt að skráningin sé afmáð. Að mati SFF er nauðsynlegt að orða ákvæðið á eftirfarandi hátt: *„Fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að miðla upplýsingum skv. 1. mgr. til áskrifanda að því marki sem nauðsynlegt telst miðað við tilgang miðlunarinnar.“*

Við miðlun upplýsinganna skal greina frá því hvaðan þær eru fengnar, hver er kröfuhafi og hver grundvöllur kröfunnar er.“

9. gr. Gerð skýrslu um láns hæfi

- Ákvæði 4. mgr. 9. gr. gerir kröfu um samþykki lögaðila fyrir gerð og miðlun láns hæfismats, eins og nú tíðkast með einstaklinga. Þetta er veigamikil breyting frá núverandi tilhögun þar sem aldrei hafa verið þessar kvaðir á notkun láns hæfismats fyrirtækja. Að mati SFF er nægileg vernd í því fólgin fyrir lögaðila að byggja vinnslu upplýsinga sem lýtur að gerð láns hæfismats lögaðila, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar, sbr. einnig 15. gr. laga nr. 90/2018, á starfsleyfi Persónuverndar. Í athugasemdum við 15. gr. í frumvarpi til framangreindra laga kemur fram að Persónuvernd hafi tekið fram í úrskurðum sínum að sú aðgerð, að afla upplýsinga um láns hæfismat hjá Creditinfo, geti einkum stuðst við 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, þar sem fram kemur að vinnsla sé heimil ef hún er nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður, sem og 7. tölul. sama ákvæðis, þess efnis að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna ábyrgðaraðila, þriðja aðila eða þess aðila sem upplýsingum er miðlað til nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Sömu sjónarmið eiga við ef hinn skráði er lögaðili sem t.d. óskar fyrirgreiðslu og hefur ekki áður átt í viðskiptasambandi við lánveitanda. Í ljósi þess að Persónuvernd hefur sjálf úrskurðað um að vinnsla og gerð skýrslna um láns hæfi geti byggst á öðrum heimildum 1. mgr. 8. gr. pvl. en samþykki, nánar til tekið lögmætum hagsmunum, er að mati SFF afar íþyngjandi að binda slíka vinnslu um gerð láns hæfismat fyrir lögaðila við samþykki þeirra. Að mati SFF færi betur á því að orða ákvæði 4. mgr. 9. gr. á eftirfarandi hátt:

„Fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að vinna aðrar upplýsingar í því skyni að framkvæma áreiðanlegt láns hæfismat að fengnu samþykki einstaklings eða ef vinnsla er nauðsynleg til að efna samning eða gæta lögmætra hagsmuna í tilvikum lögaðila. Ef um einstakling er að ræða þarf samþykki hans að uppfylla skilyrði 10. gr. laga nr. 90/2018.“

Með vinsemd og virðingu
f. h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur